

Umhverfisvitund starfsmanna stofnana og fyrirtækja, mæling og þróun – mars 2018. Sandra Rán Ásgrímsdóttir, Ólöf Kristjánsdóttir og María Stefánsdóttir, Mannvit verkfræðistofa.

Í fyrri áfanga verkefnisins voru kannaðar aðferðir við að mæla viðhorf starfsmanna til umhverfismála og lögð var könnun fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar í lok árs 2016. Greint er frá niðurstöðum þeirrar athugunar í skýrslu til rannsóknasjóðs Vegagerðarinnar, sem kom út í mars 2017.

Í umræðu um aðferðir til að mæla umhverfisvitund, kemur fram að oft fer ekki saman viðhorf og hegðun. Mælingar á viðhorfi hafa oft mun víðara umfang en þegar spurt er um hegðun, fleiri geta frekar tengt við viðhorfin en hegðunina. Algengast er að mæla umhverfisvitund með spurningalista og var höfð hliðsjón af eldri sambærilegum könnunum, þegar spurningalisti var gerður til að leggja fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar.

Í þessari skýrslu er greint frá niðurstöðum könnunar, sem gerð var í lok árs 2017, til að meta árangur af innri aðgerðum til vitundarvakningar, sem gerðar voru hjá Vegagerðinni í framhaldi af fyrri könnuninni. Einkum var um að ræða ýmis konar fræðslu, en einnig breytingar á daglegum rekstri, m.a. í tengslum við græn skref í ríkisrekstri, sem gæti haft áhrif til bættis umhverfis.

Þegar niðurstöður milli ofangreindra kannana voru bornar saman, kom fram lítill munur. Þó eru vísbendingar um aukna umhverfisvitund. Meðal þess sem fram kemur er að notkun á fjölnotapokum meðal starfsmanna hefur aukist, sem og innkaup á lífrænt ræktuðu grænmeti og ávöxtum. Þá er 10% meiri vilji meðal svarenda til þess að leggja meira á sig til að vernda umhverfið. Þeir eru líka líklegri til að greiða meira fyrir umhverfisvæna vöru en í fyrri könnun.

Fram kemur að niðurstöðurnar bendi til þess að einhver árangur hafi verið af aðgerðum sem farið var í, þó utanaðkomandi þættir kunni líka að hafa haft áhrif. Lagt er til að Vegagerðin haldi áfram vinnu við að auka umhverfisvitund starfsmanna og að árlega verði gerð könnun til að meta árangur vinnunnar.